



Borgarráð

Uppbygging í miðborginni - sýning í Tjarnarsal Ráðhúss

Umhverfis- og skipulagssvið í samstarfi við skrifstofu eigna og atvinnuþróunar undirbúa metnaðarfulla sýningu um uppbyggingu í miðborg Reykjavíkur undir yfirskriftinni „Hvað er í gangi?“

Sýningin hefur það að markmiði að sýna borgarbúum á lifandi máta hvernig miðborgin mun þróast á komandi árum og um leið tengja uppbygginguna í víðara samhengi.

Uppbyggingaraðilum í miðborginni býðst að taka þátt í sýningunni með líkönum af uppbyggingarreitum.

Sýningarhönnun og hugmyndafræði var mótuð af Stúdío Granda sem heldur utan um sýningastjórn. Anna María Bogadóttir arkitekt hefur unnið að fræðsluhluta sýningarinnar.

Sýningin verður í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur og verður stórt þrívítt kort af miðborginni lagt um salinn þar sem líkön af uppbyggingarreitum hækka upp úr módelinu upp á sérlögð borð. Einnig verða þrjú upplýsingaborð þar sem farið verður betur yfir samhengi þessarar uppbyggingar við borgina og sögu hennar.

Sýningin verður í allt að tvö ár frá 23. mars 2017. Sýning verður ein af opnunarsýningum Hönnunarmars 2017 og verður vegleg opnun og dagskrá á hátíðinni tengd sýningunni.

Útlagður kostnaður vegna sýningarinnar hljóðar upp á 25 milljónir og er gert ráð fyrir því að uppbyggingaraðilar greiði um 10 milljónir í þátttökugjöld auk þess sem þeir leggja fram líkön af sínum reitum.


Ólöf Örvarsdóttir

Hrólfur Jónsson

Hjálagt:

Tölvugerðar myndir af sýningunni.

Kort af miðborginni í kvarðanum 1:200 verður fræst í krossvið og líkön af öllum uppbyggingarreitum dregin upp. Sjá hér tölvugerðar myndar af sýningunni:



Dæmi um líkan, en líkönin verða unnin af uppbyggingaraðilum eða ráðgjöfum þeirra og munu þannig hafa hvert sitt yfirbragð:

